

11. fundur stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 10. febrúar 2011 og hófst kl. 17.00

Mætt voru: Sigurjón, Guðjón, Kári, Birgir og Gry.

Í upphafi heimsóttu fundinn fulltrúar tveggja nýstofnaðra félaga; Magnús Örn Guðmundsson frá Kraftlyftingafélagi Seltjarnarness-Zetorum og Alexander Ingi Olsen og Hilmar Númi Sævarsson frá Kraftlyftingafélagi Garðabæjar-Heiðrúnu.

Þetta gerðist:

Sigurjón setti fundinn og bauð gesti velkomna bæði á fundinn og í sambandið. Hann kynnti fyrir þeim stjórn sambandsins og sagði frá aðstöðu og vinnulag hennar. Síðan var rætt ymislegt sem brann á gestunum, þjálfaramál, dómaranámskeið, styrkjамál ofl.

Áður en gestirnir yfirgáfu fundinn voru þrjú mál tekin til afgreiðslu

1) Samþykki nýs aðildarfélags.

Sigurjón las upp bréf frá stjórn Kraftlyftingafélags Garðabæjar-Heiðrúnu þar sem sótt er um inngöngu í Kraftlyftingasamband Íslands. Með bréfinu fylgdu lög og fundargerð stofnfundar. Stjórnin samþykkti beiðnina og bauð Garðabæinga velkomna með handabandi þar sem fulltrúar þeirra voru á staðnum.

2) Fundur formanna.

Stjórnin ákvað að undirbúa fund með formönnum allra félaga í apríl-maí eða áður en menn færu í sumarfrí.

3) Þríþraut ungmenna.

Ákveðið var að hefja kynningu á kraftaþríþraut ungmenna.

Aðgerð: Gry tók að sér að kanna hvernig staðið er að henni á Norðurlöndum.

Gestir yfirgáfu fundinn.

4) Fjármál.

Kári upplýsti að enn hafa ekki borist allir þeir styrkir sem ÍSí gáfu vilyrði fyrir á síðasta ári. Ófullnægjandi upplýsingar eru með þeim peningum sem hafa borist, svo erfitt er að sjá nákvæmlega hvað er ennþá ógreitt. Hann upplýsti líka að búið er að sækja um framlag úr sjóði Ólympíufjölskyldunnar fyrir 2011. Kári mun fylgja málinu eftir við ÍSí.

5) Stofnun nýrra félaga.

Í skoðun er stofnun kraftlyftingafélaga á Húsavík og Fáskrúðsfirði. Málið er í höndum útbreiðslunefndar sem fylgir málunum eftir.

6) Reglugerðir.

Stjórnin vill halda áfram að setja og bæta reglugerðir sambandsins. Stjórnin ákvað að einbeita sér fyrst að reglum varðandi skráningar á mót og lágmark fyrir þátttöku á Íslandsmótum.

Aðgerð:

Mótanefndinni var falið að gera tillögur til úrbóta í mótaskráningu. **Birgir** kallar til liðs við sig Halldór, Sturla og Stefán Sturla og vinnur þá vinnu. Tillögur verða lagðar fyrir næsta stjórnarfund.

Kára var falið að hefja vinnu á útreikningi lágmarka miðað við árangur undanfarinna ára. Stjórnin mun setja fram lágmark fyrir keppnisárið 2012 um leið og mótaskráin fyrir árið verður birt.

7) Byrjendamót

Enginn mótshaldari hefur fengist fyrir byrjendamót í febrúar. Ákveðið var að fresta mótinu og skoða möguleikana á að setja upp byrjendamót í apríl/maí og þá í tengslum við dómaraþróf.

Aðgerð: Mótanefndinni falið að ræða við dómaraþróf og finna dagsetningu svo hægt verði að auglýsa slíkt mót sem fyrst. **Gry** tilkynnir á kraft.is

8) Þjálfaranámskeið.

Stjórnin vill hvetja félögin til að mennta menn til þjálfunarstarfa.

Aðgerð: **Gry** birtir frétt á kraft.is og bendir á grunnámskeið ÍSÍ.

9) Skipan í fastanefndir KRAFT.

Nauðsynlegt er að fara yfir skipan manna í fastanefndir og gera upplýsingar um þær aðgengilegar á KRAFT.is

Aðgerð: **Gry** falið að undirbúa málið fyrir næsta stjórnarfund.

10) Landsliðsmál

Stjórnin ákvað að skipa Guðjón Hafliðason landsliðsþjálfara og ábyrgðarmann landsliðs árið 2011, en margir keppendur hafa lýst áhuga á að keppa fyrir hönd Íslands á árinu.

Aðgerð: **Guðjón** kallar til sín menn til aðstoðar í landsliðsnefnd og kemur á fund með þeim sem hafa lýst áhuga á keppni erlendis. Kynnir stöðu mála á næsta stjórnarfund.

11) Styrkir til þátttöku erlendis.

Á fjárhagsáætlun næsta árs er gert ráð fyrir styrkjum til þátttöku erlendis, og hafa þegar borist óskir um slíkan styrk. Stjórnin ákvað að nota styrkinn til að tryggja greiðslu keppnisgjalda og lyfjaprófa keppenda og upp í nauðsynlegar ferðir keppenda og stjórnarmanna eins og hægt er. Fyrirhugað er að Sigurjón sækir þing IPF í tengslum við HM í Tékklandi og að Gry sækir fund NPF í tengslum við Norðurlandamót unglunga í Svíþjóð. Stjórnin ætlar að styrkja Hörð Magnússon til utanferðar svo hann geti endurnýja réttindi sín sem alþjóðadómari og ákveðið var að kanna áhuga Klaus Jensen á að afla sér slíkra réttinda á árinu.

Stjórnin vill hvetja félög til að vera dugleg að sækja um styrki til starfsins. Mjög tæmandi upplýsingar þar um eru á eftirfarandi slóð http://www.umsk.is/?page_id=1137

Aðgerð: **Gry** ræðir við Klaus og birtir lista yfir sjóði og styrktaraðila á kraft.is.

12) Nýr vefur

4. febrúar sl. var opnaður nýr vefur í tengslum við kraft.is; results.kraft.is. Hér er um að ræða gagnabanka sem geymir öll úrslit Kraftlyftingasambandsins frá upphafi auk upplýsinga um alla sem hafa keppt á þessum mótum. Framvegis verða öllu úrslit birt á þessum vef, mun aðgengilegri og nytsamlegri en hingað til. Verið er að vinna að uppsetningu metaskráningar í gagnabankanum. Frumkvæðið og mestan heiður að þessu starfi á Klaus Jensen, en hann hefur fengið til liðs við sig sjálfboðaliðana Kára Rafn Karlsson, Helga Briem, Júlían Jóhannsson, Maríu Guðsteinsdóttur og Gry Ek. Stjórnin kann honum og þeim öllum innilegar þakkir fyrir þetta mikla framfaraspor .

Aðgerð: **Gry** falið að koma þökkum stjórnar á framfæri.

13) Önnur mál

Borist hefur fyrirspurn frá Kraftlyftingadeild Ármanns um hvort stjórn KRAFT vilji eignast RIG-fánann sem deildin keypti í tengslum við réttstöðumótið í janúar og léttu þannig undir með deildinni fjárhagslega. Stjórnin ákvað að þiggja ekki þetta góða boð, en leita annarra leiða til að koma til móts við deildina og veita viðurkenningu fyrir það góða framtak sem mótið var.

Aðgerð: Gry falið að koma svar stjórnar á framfæri.

Fundi slitið kl. 19:00